



Reglur um refa- og minkaveiði í Skagafirði

1. kafli

Almennt

1. gr. Reglur

Reglur þessar gilda um veiðar á refum og minkum innan sveitarfélagamarka Skagafjarðar. Um veiðar þessar gilda ákvæði laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, auk reglugerðar sem settar eru samkvæmt þeim, einkum reglugerð nr. 437/1995, um refa- og minkaveiðar með síðari breytingum. Árlega í aprilmánuði skal haldinn fundur með ráðnum veiðimönnum og þeim úthlutað veiðisvæði og kvóti veiðidýra. Verktakagreiðslur fyrir unnið dýr, eru samkvæmt ákvörðun landbúnaðar- og innviðanefndar á hverjum tíma. Fylli verktaki úthlutaðan kvóta, getur hann sótt um aukinn kvóta til umhverfis- og landbúnaðarfulltrúa, enda liggi gildar ástæður fyrir. Sveitarstjórn ákveður árlega hversu miklu fé er varið til þessa málaflokks, því geta upphæðir fyrir felld dýr, breyst milli ára.

2. kafli

Refaveiði

2. gr. Veiðimenn

Skagafjörður gerir verktakasamning við veiðimenn um minkaveiði, grenjaleitir, grenjavinnslu og vetrarveiði á ref. Einnig er sveitarfélaginu heimilt að greiða gjald fyrir útköll til veiða við sérstæðar aðstæður, að beiðni umhverfis- og landbúnaðarfulltrúa.

- Verktaka er í störfum sínum skylt að fara eftir Lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 1994 nr. 64. og reglugerð 347/1995.
- Verktaki skal hafa gilt skotvopnaleyfi og veiðikort.
- Verktaka er skylt að skila veiðiskýrslu, fyrir 1. október ár hvert, þar sem fram komi um hvern unninn ref:
 - Kyn, litur, aldur (hvolpur/fullorðið)
 - Veiðistaður (GPS hnit grenis) og á hvaða bújörð/afreitt dýrið veiddist.
 - Verktaki haldi skrá (nafn og GPS hnit) yfir þau greni sem hann leitar á sínu svæði og bæti við skrána nýjum grenjum sem finnast.
 - Ekki verður greitt ef skýrslur berast eftir framangreind tímamörk.
- Felli verktaki mögulegt grendýr, nærri mörkum síns veiðisvæðis, ber honum að láta veiðimann næsta svæðis vita. Telji verktaki sig hafa felld ógotna læðu, á tímabilinu 1. apríl til 1. maí, getur hann skilað dýrinu í heilu lagi, staðfesti krufning að um ógotna læðu sé að ræða, er heimilt að greiða álag, sem nemur verðlaunum eins grendýrs.
- Sjái verktaki fram á að fylla ekki sinn kvóta, skal hann láta yfirmann vita, fyrir 1. ágúst, ár hvert.

3. gr. Búnaður

Veiðimaður sem sveitarfélagið gerir samning við, kemur sér sjálfur upp búnaði til veiðanna. Búnaður við refaveiðar skal ekki brjóta í bága við lög og reglugerðir.

4. gr. Grenjaveiði

Skagafjörður ræður veiðimenn til grenjavinnslu á tímabilinu 1. maí til 31. júlí ár hvert (grenjatíma skv. 5. gr. reglugerðar 4737/1995 um refa- og minkaveiðar). Skagafjörður úthlutar árlega hverjum veiðimanni kvóta veiðidýra og greiðir þeim þóknun fyrir veidd dýr skv, taxa landbúnaðar- og innviðanefndar. Fylli



veiðimaður kvóta getur hann sótt um auka kvóta til umhverfis- og landbúnaðarfulltrúa, séu gilr rök til staðar. Einungis veiðimönnum sem eru með samning við Skagafjörð er heimilar refaveiðar á grenjatímabilinu. Þó geta bændur og æðarræktendur á eigin kostnað eða aðilar á þeirra vegum, skotið refi sem búfénaði eða æðarvarpi stafar hætta af. Skal viðkomandi tilkynna umhverfis- og landbúnaðarfulltrúa um slíka veiði svo fljótt sem auðið er.

5. gr. Grenjaleitir

Við grenjaleit er ætlast til að veiðimaður leiti sem flest greni á því svæði sem honum er úhlutað og líkur teljast að tófa leggi í það árið, með hliðsjón af snjóalögum og tíðarfari.

6. gr. Grenjaskrár

Ráðnir veiðimenn skulu halda skrá (nafn og hnitsetningu) yfir öll þekkt greni á sínu veiðisvæði og uppfæra hana ef ný greni finnast. Uppfærðri skrá yfir þau greni sem leituð og unnin eru ár hvert skal veiðimaður skila inn, með reikningum fyrir veiði.

7. gr. Vetrarveiði

Sveitarfélagið getur ráðið veiðimenn til vetrarveiða á tímabilinu 1. ágúst til 30. apríl ár hvert og úhlutað kvóta veiðidýra.

8. gr. Útburður ætis

Vanda skal til verka við útburð ætis. Leitast skal við að hafa hæfilega vegalengd á milli staða sem borið er út á.

9. gr. Staðsetning og frágangur ætis

Ætlast er til að staðsetning og frágangur ætis valdi útivistarfólki og öðrum sem um landið fara, sem minnstum ama. Jafnframt skal staðsetningin vera í samráði við umhverfis- og landbúnaðarfulltrúa, auk þess sem samþykki landeiganda og MAST þarf að liggja fyrir. Fjarlægja skal æti og leifar þess í lok veiðitíma.

10. gr. Samráð við aðra veiðimenn

Veiðimaður skal leitast við að hafa samráð við aðra veiðimenn og landeigendur þegar borið er út æti. Veiðar úr ökutækjum eru bannaðar sbr. 21. gr. laga nr. 16/1998.

3. kafli

Minkaveiðar

11. gr. Veiðar

Skagafjörður getur ráðið veiðimenn með minkahunda til hefðbundinnar minkaleitar í sveitarfélaginu. Skulu þeir að jafnaði veiða á tímabilinu 20. apríl til 30. júní og vera til reiðu eftir því sem kostur er.

12. gr. Sérstök áhersla

Lögð er sérstök áhersla á að leitað sé að mink í varplöndum og við veiðiár.



13. gr. Gildruveiðar

Heimilt er að ráða veiðimenn til gildruveiða. Séu gildir lagðar fyrir mink skal þannig um þær búið að öðrum dýrum stafi ekki hætta af. Þær gildir eru notaðar skal búa um þær þannig að minkurinn láti lífið á sem skjótasta hátt.

14. gr. Veiðar

Sveitarfélaginu er heimilt að ráða veiðimenn til minkaveiða á tímagjaldi við sérstakar aðstæður. Greiða má slíkum veiðimanni tímakaup á hverja unna klukkustund og kílómetragjald.

15. gr. Minkabæli

Ganga skal þannig um minkabæli að sem minnst landspjöll hljótist af. Minkur sem næst lifandi skal aflífaður á sem skjótvirkastan hátt.

4. kafli

Skil á skýrslum og greiðslur

16. gr. Veiðikort

Þeir einir fá greidd skotlaun sem hafa gilt veiðikort.

17. gr. Skil á gögnum

Skottum af unnum dýrum ber að skila til umhverfis- og landbúnaðarfulltrúa og dýrum í heilu lagi ef eftir því er óskað. Sem og skýrslum um veiði. Til þess ber að nota form frá Umhverfisstofnun. Þar skal koma fram hvar og hvenær dýr var unnið og hvenær og/eða hvaða greni var leitað, ásamt hnitsetningu grenja. Greiðslur fara ekki fram, fyrr en þessum gögnum og reikningum hefur verið skilað. Þar með talið að uppfæra grenjaskrá ef ný greni hafa fundist. Veiðimanni ber að skila sundurliðuðum reikningi vegna minka- og refaveiða.

18. gr. Hámarksupphæð

Sveitarstjórn ákveður við gerð fjárhagsáætlunar hámarksupphæð til refa- og minkaveiða ár hvert. Landbúnaðar og innviðanefnd ákveður kvóta á veidda refi og upphæðir sem greiddar eru fyrir hvert dýr eftir tillögum umhverfis- og landbúnaðarfulltrúa fyrir upphaf hvers veiðiárs.

19. Gildistaka

Reglur þessar voru samþykktar á fundi landbúnaðarnefndar þann 31. október 2024 og á fundi sveitarstjórnar Skagafjarðar þann 27. nóvember 2024 og taka þegar gildi.